

Óska eftir að leggja eftirfarandi fyrirspurn fram á fundinum á morgun:

Í kynningarblaði Fréttablaðsins um velferð þann 3. mars sl. var keypt birting á efni frá Hafnarfjarðarbæ um velferðarþjónustu í sveitarfélaginu.

Í svari við fyrirspurn undirritaðrar kom fram að öðru hverju hafi verið tekin ákvörðun um að kaupa birtingu á slíku kynningarefni.

Fulltrúi Samfylkingarinnar óskar eftir upplýsingum um kostnað við birtingu efnis frá Hafnarfjarðarbæ í dagblöðum sl. 12 mánuði. Óskað er eftir upplýsingum um a) hvaða efni hafi verið um að ræða, b) hvaða fjölmiðli efnið hafi birst í, c) dagsetningu birtingar og d) kostnaði við birtingu efnisins. Einnig er óskað eftir upplýsingum um kostnað við kostaðar auglýsingar á samfélagsmiðlum á sama tímabili.